

Íslenskar laxár og flokkun þeirra

Einar Hannesson, fulltrúi

Íslensku laxveiðiárnar eru merkilegt fyrirbæri í íslenskri náttúru. Ýmsir hafa varpað vísindalegu ljósi á árnar sjálfar og fiskinn í þeim.

Sumt af því varðar grundvallaratriði. Fjallað verður nokkuð um þessa hluti sem er ákaflega athyglisverðir, eins og flokkun straumvatna í vistfræðilegu tilliti. En fyrst skal rætt um laxárnar almennt, fjölda þeirra og lengd.

108 laxár hér á landi

Hér á landi eru alls um 212 fiskihverfi með lax og göngusilung, þar af 89 laxár og 123 göngusilungsár, sbr. „Íslenskar laxveiðjár“, handbók, útg. Landssamband veiðifélaga 1988. Með þeirri aðferð að bæta við einstökum veiðiám í öflugum vatnakerfum sem hafa um langt skeið lifað sjálfstæðu lífi (sérstakt veiðifélag eða ráðstafað sér), þó að þær séu þverár, eins og Norðará í fiskihverfi Hvítár og Stóru-Laxá í fiskihverfi Ölfusár, svo að dæmi séu tekin, má bæta við fyrrgreinda tölu og þær verða alls 108 talsins.

Lengd laxánna

Í athugun, sem höfundur þessa pistils gerði á sínum tíma, má gera ráð fyrir að íslensku laxárnar séu alls tæplega fjögur þúsund km á lengd. Hins vegar er laxgengi hluti þeirra um 50 af hundraði af heildarlengd þeirra, sem gerir um tvö þúsund kílómetra að lengd samtals. Hlutfall þetta er breytilegt eftir landshlutum. Þannig er það hagstæðast, ef svo má segja, í Reykjavík og á Reykjanesi en 74% af heildarlengd ána er fiskgengt á því svæði. Lægst er það aftur á móti á Norðurlandi eystra og á Vestfjörðum, um 35% á hvoru þessara svæða.

Mikill munur er á lengd einstakra vatnsfalla, eins og eðlilegt er. Sama gildir um meðallengd straumvatna í landshlutunum. Þannig er hún mest á Norðurlandi eystra eða 59 km, en


minnst á Reykjanesi 8 km. Meðallengd er hins vegar á landinu í heild 28 km.

Flokkun straumvatna

Það má segja, að sé stutt sé síðan farið var að skoða sérstaklega ein-



Fiskvegur í Blöndu hjá Ennisflúðum. (Ljóm. Einar Hannesson.)



Flokkar íslenskra áa. A: Lindár. B: Dragár á möbergssvæðum. C: Dragár á blágrýtissvæðum, D: Heiðavotlendisár.

kenni íslenskra áa, með tilliti til vistfræði almennt og skilgreina hlutina. Þannig hefur komið til sögunnar flokkun vatna, sem auðveldar skilning á eðli þeirra og hefur gagnýtt gildi í mörgum tilvikum, svo sem í sambandi við virkjanir og fiskrækt.


Það mun hafa verið Guðmundur Kjartansson, jarðfræðingur (1945) sem fyrstur setti á blað heitið dragá og greindi straumvötn í dragár og lindár.

Þegar Sigurjón Rist, vatnamælingamaður, skrifaði „Íslensk vötn“ (1956) merkti hann straumvötnin í jökulá (J), dragá (D), lindá (L), ásamt (S), sem merkir stöðuvatn og jafnframt áhrif þess á rennslisháttu viðkomandi straumvatns. Þannig var unnt á einfaldan hátt að merkja hverja á fyrir sig og ræða táknum eftir vægi hvers þáttar, ef um væri að ræða sambland ólíkra tegunda, eins og um flestar stórár landsins, þó að í öðrum tilvikum væri aðeins um lindá eða dragá að ræða með tengslum við stöðuvatn eða ekki. Þá er ógetið um hinn merka þátt Vatnamælinga Orkustofnunar er varðar lengdarmælingar á ánum og vatnsmagni, sem Sigurjón Rist hefur manna mest sinnt, og fyrgreindar upplýsingar hér að framan um lengd ána, eru byggðar á.

Vistfræðileg flokkun

Síðar kom til sögunnar vistfræðileg flokkun vatna, sem Arnþór Garðarsson, líffræðingur ritaði um í grein í „Týli“ 1979, rit Helga Hallgrímssonar á Akureyri.

Þá er næst að geta um flokkun sem Sigurður Guðjónsson, líffræðingur, deildarsjóri á Veidimálastofnun setti fram í ritinu „Vatnið og landið“ (1990). Þar greindi hann íslenskar ár með tilliti til vistfræði. Í greininni segir Sigurður, að til að átta sig á margbreytileika náttúru landsins hafi mannskepnan oftast gripið til flokkunar. Án flokkunar umhverfisins væri skilningur takmarkaður á því við hvaða skilyrði lífverurnar búa. Líta mætti á vatnsvið ákveðinn ár og þær lífverur, sem þar búa, sem eitt vistkerfi. Þetta þýði að vatnsfall sé hluti af stærra kerfi og yrði því að skoða allt umhverfi árinna og ána sjálfa sem eina heild.



Vatnshæðarmælir Vatnamælinga í Hvítá í Borgarfirði, hjá Kljáfossi, og nýja brúin þar. (Ljóm. Einar Hannesson).



Veidistaðurinn Lambastaðakvörn í Laxá í Dölum. (Ljóm. Einar Hannesson).

Með samantekt sinni flokkar Sigurður straumvötnin á Íslandi inn á fjögur svið: A: lindár, B: dragár á móbergssvæðum, C: dragár á blágrýtissvæðum og D: heiðavotlendisár. Þetta má sjá að meðfylgjandi korti. Sigurður bendir á, að kortið sýni 11 meginsvæði með fjórar megingerðir af ám. Þó að sum svæðin hafi sömu vatnsfallagerð, sé veðurfar mismunandi, sem aftur valdi því að rennslishættir verði aðrir. Því verði að gera greinarmun á ám af sömu gerð sem eru í ólíkum landshlutum.

Notagildi í fiskrækt

Fyrir hefur verið bent á notagildi flokkunar í sambandi við fiskrækt. Svör ættu að geta fengist við því, hvort vissar aðgerðir séu vænlegar eða ekki. Þannig megi ætla að fisk-

stofn í óstöðugu umhverfi eins og í dragá hafi flóknari og fleiri gerðir lífsferla til að geta brugðist við umhverfissveiflum heldur fiskstofn, sem býr við stöðug skilyrði, eins og t.d. í lindá. Aðlaganir sem þessar að árumhverfinu hafi einnig áhrif á framleiðslu fisks í árkerfinu. Skilningur á slíkum eiginleikum fiskstofns fáiist einungis með því að skilja umhverfi hans, segir Sigurður Guðjónsson í lok greinar sinnar.

Það sem hér hefur verið gert að umtalsefni eru mikilvæg gögn sem auðvelda ýmsa vinnu í sambandi við árnar og ekki síst snerta ákvarðanatöku varðandi framkvæmdir og aðgerðir við árnar, til að sem bestur árangur náist í þeirri viðleitni að vernda og jafnframt auka verðmæti þeirra. □